

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 1/2021-2022

Kærandi: Benjamin Scott Tiedeman og Hermann Óli Ólafsson.

Kærða: Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar.

Kæruefni: Viðtal við Evu Jóhannsdóttur í aprílblaði Stundarinnar 2021 (5. tbl.).

Málsmeðferð:

Kærðan barst Siðanefnd Bí með tölvupósti þann 4. maí 2021. Vegna Covid-19 faraldursins ákvað nefndin að nýta sér netið til samskipta og komst að þeirri niðurstöðu að kærðan uppfyllti þau skilyrði sem siðareglur kveða á um og að málið væri tækt til meðferðar. Óskað var viðbragða kærðu og barst svar frá henni í tölvupósti þann 21. maí 2021. Siðanefnd kom saman og tók kæruna til umfjöllunar á fundi sínum þann 8. júní 2021.

Málavextir:

Hið meinta brot kærðu varðar forsíðufrétt í aprílblaði Stundarinnar 2021 þar sem fram kemur annars vegar í texta; „...eignaðist barn með samkynhneigðum vinum sínum,“ og hins vegar birtist mynd af barni, sem kærendur telja ólöglega. Telja kærðu að kærandi hafi brotið gegn 3. grein siðareglina með hvoru tveggja. Kærða hafnar því að hafa brotið gegn siðareglum Bí.

Umfjöllun:

Í kærunni eru talin upp nokkur atriði þar sem kærendur telja að kærða hafi brotið gegn siðareglum Bí.

Í upphafi kærunnar er rakið að kærendur greini á við viðmælanda blaðamanns með hvaða hætti frumkvæði var haft að barneignum þeirra og eins að viðmælandinn skilgreini kærendur sem vini sína. Siðanefnd hefur í mörgum málum áréttuð að blaða- og fréttamenn verði ekki fundnir brotlegir gagnvart siðareglum vegna ummæla viðmælenda.

Kærendur finna einnig að því að ekki hafi verið haft samband við þá vegna viðtalsins, en þeir hafi fengið af því fregnir þegar greinin var komin út. Siðanefnd áréttar að þegar um er að ræða persónuleg viðtöl við fólk teljist það ekki nauðsyn að bera ummæli undir þriðja aðila, nema fram komi harðar ásakanir eða einhver atriði þyki sérlega viðkvæm, sem á ekki við í þessu tilfelli.


Þá telja kærendur að Stundin hafi brotið gegn siðareglum Bí með myndbirtingu af barni sínu sem þeir deila forsjá yfir með viðmælandanum, annars vegar áðurnefnda 3. grein siðareglina og eins persónuverndarlög. Vegna þessa er rétt að taka fram að ætluð brot gegn landslögum, þar á meðal lögum um persónuvernd, eru ekki á verksviði Siðanefndar. Hennar hlutverk er að meta vinnubrögð fjölmíðafólks með hliðsjón af

siðareglum. Í ljósi sameiginlegrar forsjár kærenda og viðmælandans með barninu, telur Siðanefnd ekki að brotið hafi verið gegn siðareglum við birtingu mynda af barninu. Niðurstaða Siðanefndar er að ekki hafi verið brotið í bága við siðareglur Bí í viðtali Stundarinnar.


Úrskurður:


Kærða, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum Bí.


Reykjavík, 29. júní 2021


Hjörtur Gíslason


Asgeir Þór Árnason


Fanney Birna Jónsdóttir


Friðrik Guðmundsson


Þórdís Helgadóttir